

Lög Dýraverndunarfélags Hafnfirðinga sett á stofnfundi félagsins 13. maí 1928

1.gr. Félagið heitir Dýraverndunarfélag Hafnfirðinga. Heimili þess er í Hafnarfirði, en starfssvið óákveðið.

2.gr. Einkunnarorð félagsins er: **Allir jafnir**

3.gr. Ætlunarverk félagsins er, að vekja nærgætni og samúð með öllum dýrum, vinna að því, meðferð þeirra hjá einstökum mönnum og almenningi eigi stoð í skynsemd, drengskap og réttlæti. Skal þetta gert með hverjum þeim hætti, er félagið telur rétt og nauðsynlegt að

beita, svo samboðið sé sæmd þess. Er því félaginu skylt að kæra hvern þann mann til sektar að lögum, sem þau brýtur um nauðsyn fram á þann hátt, að vanhaldna skepnur, misþyrma þeim eða í einhverju öðru hefur það í frammi við þær, sem varðar við lög, er skaðlegt, illmannlegt eða siðspillandi.

Félaginu er í annað stað skylt, að láta sig varða öll önnur menningarmál og mannúðar, eftir því sem það telur sér fært og sér, að eigi brýtur bág við verkefni þess.

4.gr. Allir, karlar og konur, sem styðja vilja hlutverk félagsins, geta orðið félagar þess, ef þeir greiða það árgjald, er aðalfundur ákveður.

5.gr. Skildagi árgjalda félagsmanna er 1. Júní ár hvert. Reikninga félagsins skal miða við áramót.

6.gr. Kjósa skal stjórn félagsins á aðalfundi ár hvert. Hana skipa fimm menn, forseti, ritari, gjaldkeri og tveir meðstjórnendur. Stjórnarkosning skal vera skrifleg. Á aðalfundi skal kjósa varaforseta, tvo varamedstjórnendur og tvo endurskoðunar-menn. Séu atkvæði jöfn skal varpa hlutkesti.

Kjörgengir í stjórn félagsins eru konur jafnt sem karlar.

7.gr. Forseti annast öll venjuleg formannsstörf, kallar saman fundi og stýrir þeim. Ritari annast allar skriftir í þarfir félagsins og bókar það sem gerist á félagsfundum og stjórnarfundum. Gjaldkeri heimtí tekjur félagsins og varðveitir sjóð þess. Hann greiðir og öll gjöld félagsins, samkvæmt ávísun forseta, og semur ársreikning þess. Varaforseti gegnir störfum forseta í forföllum hans.

Meðstjórnendur taka við störfum ritara og gjaldkera, fá þeir eigi gegnt þeim sjálfir, og koma þá varamedstjórnendur í stjórnina í þeirra stað, eftir

fyrirsögn forseta.

Varamenn hafa sömu skyldur og réttindi sem aðalmenn, meðan þeir gegna störfum þeirra.

Endurskoðunarmenn rannsaka reikninga félagsins árlega, bera þá saman við fylgiskjöl og líta eftir sjóði þess.

8.gr. Félagstjórninni er skylt að hlutast til um, að jafnan sé á fundum félagsins flutt erindi, er varða hlutverk þess. Stjórnin skal og eiga hlut að því, að samhliða aðalfundi eigi félagsmenn fagnaðarsamkomu, nema annar tími sé til þess valinn.

9.gr. Á aðalfundi skulu enn fremur kosnir skriflega þrír menn í gæslunefnd. Starf gæslumanna skal í því falið, að gæta þess, hvort illa sé farið með skepnur, og lög eða reglugerðir um dýravernd brotin. Verði þeir varir við slíkar misfellur, skulu þeir tilkynna það stjórn félagsins.

10.gr. Aðalfund skal jafnan halda í janúarmánuði ár hvert. Verkefni hans eru:

1. Forseti skýrir frá framkvæmdum félagsins á síðastliðnu ári.
2. Lagður fram til samþykktar endurskoðaður reikningur fyrir síðastliðið ár.
3. Kosin stjórn, endurskoðendur og gæslunefnd.
4. Ákveðið árgjald félagsmanna fyrir komanda ár.
5. Rædd önnur mál, sem fram kunna að vera borin.

Aðalfund skal boða í tæka tíð, og birta fundarboð í dagblaði í Reykjavík. Er hann lögmætur sé fimmti hluti félagsmanna mættur.

11.gr. Aukafundi heldur félagið, þegar nauðsyn krefur, og er forseti skyldur að kveðja til aukafundar, ef 10 félagsmenn æskja þess. Á fundum ræður afl atkvæða, nema um lagabreytingu sé að ræða (sbr. 13. gr)

12.gr. Sannist það á félagsmann, að hann hafi gerst sekur um illa meðferð á dýrum, brotið gildandi dýraverndunarlög eða ákvæði þessara laga, er hann félagsrækur, ef aðalfundur samþykkir að svo skuli vera.

Enn fremur er félagstjórninni heimilit að víkja þeim úr félaginu, sem samkvæmt skýrslu gjaldkera hefir vanrækt tvö ár í röð að greiða árgjald sitt.

13.gr. Lögum þessum má ekki breyta nema á aðalfundi. Lagabreytinga skal geta í aðalfundarboði, og geta þær því aðeins orðið að lögum, að $\frac{3}{4}$ atkvæða þeirra, sem á fundinum eru samþykki þær.

Bráðabirgðaákvæði Þann fund, sem samþykkir lög þessi, ber að skoða sem fyrsta aðalfund félagsins.